



BYGGÐASTOFNUN

## Starfsáætlun 2015

Samþykkt á 422. fundi stjórnar  
Byggðastofnunar 14. nóvember 2014



## Efnisyfirlit

<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>3</b>
<b>1. Áætlun um rekstur Byggðastofnunar 2015</b> .....	<b>4</b>
1.1 Atvinnuþróun og nýsköpun skv. frumvarpi til fjárlaga .....	5
1.2 Rekstraráætlun 2015.....	5
<b>2. MÓTUN BYGGÐASTEFNU</b> .....	<b>6</b>
2.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 .....	6
2.2 Stöðugreining .....	7
2.2.1 Stefnumótandi byggðaaætlun.....	7
2.2.2 Sóknaráætlanir .....	8
2.2.3 Sambætting byggðamála við reglulega starfsemi ríkisins .....	8
2.2.4 Sveitarfélög og samtök þeirra .....	9
2.3 Verkefni á sviði byggðastefnu á árinu 2015 .....	10
2.3.1 Byggðaaætlun 2014–2017.....	10
2.3.2 Landshlutaáætlanir.....	12
<b>3. LÁNASTARFSEMI BYGGÐASTOFNUNAR</b> .....	<b>12</b>
3.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 .....	12
3.2 Stöðugreining lánastarfseminnar .....	12
3.3 Útlánaáætlun og verkefni á sviði lánamála á árinu 2015 .....	14
3.3.1 Sambætting kynja- og jafnréttissjónarmiða .....	15
3.3.2 Áhættustefnur og áhættureglur – mælingar og eftirfylgni .....	15
3.3.3 Lán til landbúnaðar.....	15
3.3.4 Árangursmat.....	16
3.3.5 Endurskoðun á útlánagreiningum og umsóknum .....	16
3.3.6 Kaup á hlutafé og styrkveitingar 2015.....	17
<b>4. STUÐNINGUR VIÐ BYGGÐAÞRÓUN</b> .....	<b>17</b>
4.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 .....	17
4.2 Stöðugreining .....	17
4.2.1 Atvinnuráðgjöf á starfssvæði Byggðastofnunar .....	18
4.2.2 Stuðningur við brothætt byggðarlög.....	19
4.2.3 Aflamark Byggðastofnunar .....	19
4.2.4 Flutningsjöfnun.....	20
4.2.5 Flutningsjöfnun olíuvara.....	20
4.2.6 AVS. ....	20
4.2.7 Annar stuðningur við byggðaðróun.....	20
4.3 Verkefni á sviði byggðaðróunar á árinu 2015.....	21
4.3.1 Stuðningur við atvinnuþróun .....	21
4.3.2 Brothættar byggðir.....	22
4.3.3 Aflamark Byggðastofnunar .....	22
4.3.4 Flutningsjöfnun.....	22
4.3.5 Flutningsjöfnun olíuvara.....	23
4.3.6 AVS .....	23
4.3.7 Annar stuðningur við byggðaðróun.....	23
<b>5. ÖFLUN OG MIÐLUN UPPLÝSINGA</b> .....	<b>23</b>
5.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 .....	23
5.2 Stöðugreining .....	23

<b>5.3 Verkefni við söfnun og miðlun upplýsinga á árinu 2015 .....</b>	<b>26</b>
5.3.1 Úttektir og greiningar .....	26
5.3.2 Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar .....	26
5.3.3 Stuðningur við rannsóknir .....	26

## SAMANTEKT

Helstu verkefni sem unnið verður að á vegum Byggðastofnunar á árinu 2015:

### 1. Byggðaaætlun 2014–2017 (2.2.1)

Unnið verður að framkvæmd einstakra aðgerða byggðaaætlunar, bæði þeirra aðgerða sem stofnunin ber ábyrgð á sem og þeirra verkefna sem stofnunin sinnir og fjármögnuð eru af byggðaaætlun, svo sem NORA, NPP og ESPON. Um er að ræða aðgerðir: 1.3, 2.1, 2.3, a,b og c, 3.2, 3.3, 4.1, 4.2, a,b,c og d. Á árinu 2015 er einnig reiknað með að vinna við endurskoðun byggðaaætlunar hefjist.

### 2. Sóknaráætlanir (2.2.2)

Byggðastofnun mun vinna með stýrihópi stjórnarráðsins að útfærslu og framkvæmd verkefnisins, aðstoða einstök landshlutasamtök við gerð sóknaráætlana, samhæfa aðkomu ólíkra stofnana ríkisvaldsins að þessari vinnu, vinna að stöðugreiningum og þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana einstakra landshluta og fara yfir skilagreinar vegna framkvæmdar samninga um sóknaráætlanir.

### 3. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða (3.3.1)

Unnið verður áfram með samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í lánastarfsemi Byggðastofnunar með það fyrir augum að fjölga fyrirtækjum í eigu kvenna, auka þátttöku kvenna í stjórnun fyrirtækja, fjölga fjölbreyttum störfum og stuðla að kynjasamþættingu vinnumarkaða í landsbyggðunum. Stefnt er að því á árinu 2015 að setja á stofn smálánasjóð (micro credit fund) sem verður einskorðaður við atvinnurekstur kvenna.

### 4. Áhættustefnur og áhættureglur – mælingar og eftirfylgni (3.3.2)

Á árinu 2014 var samþykkt áhættustefna og áhættureglur hjá Byggðastofnun. Stefnurnar eru í fjórum megin liðum, þ.e. lausafjárahætta, rekstraráhætta, útlánaáhætta og markaðsáhætta. Á árinu 2015 verða í fyrsta sinn framkvæmdar mælingar á þeim viðmiðum sem sett eru fram í áhættustefnu stofnunarinnar og áhættureglum.

### 5. Lán til landbúnaðar (3.3.3)

Á árinu 2014 var tekin ákvörðun um að bjóða upp á sérstök lán til landbúnaðar hjá Byggðastofnun til að auðvelda nýsköpun og kynslóðaskipti í landbúnaði. Á árinu 2015 verður haldið áfram að útfæra þennan lánaflokk og skoðað hvernig stofnunin getur komið enn betur til móts við þessa mikilvægu atvinnugrein. Einnig verða í samvinnu við hagsmunaaðila unnar greiningar á stöðu og horfum í einstökum greinum landbúnaðar.

### 6. Árangursmat (3.3.4)

Aukin krafa er á stofnanir ríkisins á að sýna mælanlegan árangur af starfsemi og á það ekki bara við hér á landi heldur víða í löndunum í kringum okkur. Í því sambandi verður skoðuð aðferðafræði frá öðrum löndum þar sem slíkar árangursmælingar hafa verið gerðar. Þjónustukönnun á meðal viðskiptavina stofnunarinnar verður uppfærð.

### 7. Endurskoðun á útlánagreiningum og umsóknum (3.3.5)

Útlánagreiningar og umsóknareyðublöð verða endurskoðuð á árinu m.t.t. kynjaáhrifa og umhverfisáhrifa verkefna og bætt við fleiri umsóknareyðublöðum s.s. vegna skuldbreytingabeidna og mismunandi lánategunda.

### 8. Stuðningur við atvinnuþróun (4.3.1)

Stuðningur við atvinnuráðgjöfina verður í samræmi við samninga og fjárveitingar á fjárlögum.

### 9. Brothættar byggðir (4.3.2)

Unnið verður áfram að tilraunaverkefni sem hófst á Raufarhöfn árið 2012. Verkefnið nær nú til fjögurra byggðarlaga og verður enn útvíkkað á árinu 2015 til allt að tíu byggðarlaga í viðbót.

#### **10. Aflamark Byggðastofnunar (4.3.3)**

Reiknað er með að tíu staðir njóti aflamarks Byggðastofnunar í upphafi árs 2015. Sinna þarf umsýslu og eftirfylgni og fylgjast með framfylgd einstakra samninga.

#### **11. Flutningsjöfnun (4.3.4)**

Auglýst verður eftir umsóknum um styrki vegna flutningsjöfnunar, umsóknir sem berast yfirfarnar, afgreiddar og greitt út samkvæmt reglum. Aðilar sem fá greitt geta svo átt von á að verða heimsóttir og að gögn varðandi kostnað séu skoðuð.

#### **12 Flutningsjöfnun olíuvara (4.3.5)**

Byggðastofnun hefur umsýslu með Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara. Markmið laga um Flutningsjöfnunarsjóð olíuvara er að jafna flutningskostnað á olíuvörum milli landshluta.

#### **13. AVS sjóður (4.3.6)**

AVS sjóðurinn verður starfræktur á sama máta og áður í samræmi við það fjármagn sem sjóðnum er falið að úthluta.

#### **14. Annar stuðningur við byggðapróun (4.3.7)**

Byggðastofnun mun áfram taka þátt í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Flugfélag Íslands um veitingu Eyrarrósarinnar jafnframt því sem Landstólpinn verður veittur á aðalfundi stofnunarinnar.

#### **15. Úttektir og greiningar (5.3.1)**

Stofnunin mun vinna tölfræðileg gögn um íbúapróun, þróun fasteignamats og fasteignagjalda og orkukostnað. Stöðuggreining landsins, sem unnin var í tengslum við nógildandi byggðáætlun verður uppfærð á árinu 2015. Áfram verður unnin skýrsla um hagvöxt landshluta í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Unnin verður skýrsla um dreifingu starfa á vegum ríkisins, flutning starfa og stofnana og hver reynslan er. Gerð verður könnun á þjónustusókn og þjónustusóknarsvæði skilgreind. Þá mun stofnunin eftir föngum vinna úttektir og greiningar fyrir ráðuneyti, þingnefndir, sveitarstjórnir og landshlutasamtök.

#### **16. Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar (5.3.2)**

Haldið verður áfram að byggja upp gagnagrunn á sviði byggðamála. Haft verður samstarf við Þjóðskrá, Skipulagsstofnun, Hagstofu Íslands, Landmælingar og fleiri aðila um þróun myndrænnar framsetningar slíkra upplýsinga á kortum og myndum.

#### **17. Stuðningur við rannsóknir (5.3.3)**

Haldin verður fræðileg ráðstefna um byggðamál síðsumars 2015 þar sem þeir sem vinna að rannsóknum, stefnumótun og starfi á vettvangi leiða saman hesta sína. Veittir verða styrkir úr nýstofnuðum byggðarannsóknarsjóði vorið 2015. Mastersnemum verður boðið að vinna afmörkuð verkefni tengd framkvæmd byggðáætlunar. Skoðaðir verða möguleikar á því að efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana og einstakra fræðimanna um rannsóknir á sviði byggðamála.

## **1. Áætlun um rekstur Byggðastofnunar 2015**

Samkvæmt 11. gr. laga um Byggðastofnun nr. 106/1999 skal vera reikningslegur aðskilnaður milli lánastarfseminnar og annarrar starfsemi. Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um Byggðastofnun nr. 347/2000 skal stjórn ákveða starfsáætlun, rekstraráætlun, og útlánaáætlun til eins árs í senn að fenginni tillögu forstjóra. Skal áætlunin kynnt ráðherra eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Lánastarfseminni er ætlað að bera allan kostnað vegna fyrirtækjasviðs og lögfræðisviðs og helming kostnaðar vegna rekstrarsviðs og yfirstjórnar, á móti þróunarsviði. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 verða framlög til reksturs Byggðastofnunar 324,9 mkr. Til málefnaflokkans Atvinnuþróun og nýsköpun teljast þeir liðir sem tilgreindir eru í neðangreindri töflu sem fengin er úr frumvarpinu:

### 1.1 Atvinnuþróun og nýsköpun skv. frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015

Rekstrargrunnur	Reikningur 2013	Fjárlög 2014	Frumvarp 2015	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðaaætlun	265,3	290,6	340,6	17,2	28,4
Byggðastofnun	373,5	371,1	324,9	-12,4	-13,0
Endurgreiðslur v. kvikmyndagerðar á Ísl.	937,5	837,2	1.137,2	35,8	21,3
Ferðamálastofa	518,3	456,5	341,1	-25,3	-34,2
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	319,8	261,0	145,8	-44,1	-54,4
Iðja og iðnaður, framlög	192,4	487,0	0,0	0,0	0,0
Nýsköpun og atvinnuþróun	0,0	0,0	543,2	0,0	0,0
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	545,9	527,8	538,2	2,0	-1,4
Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja	1.205,0	1.083,5	1.280,0	18,1	6,2
Tækniþróunarsjóður	1.112,6	982,5	1.372,5	39,7	23,4
Ýmis ferðamál	568,5	362,6	483,8	33,4	-14,9
<b>Samtals</b>	<b>6.038,8</b>	<b>5.659,8</b>	<b>6.507,3</b>	<b>15,0</b>	<b>7,8</b>

Fjárveiting til Byggðastofnunar skiptist þannig að til almenns rekstrar Byggðastofnunar renna alls 148,0 mkr. og til atvinnuráðgjafar á starfssvæði stofnunarinnar renna 176,9 mkr.

Þann 10. mars 2015 er á gjalddaga skuldabréfaútgáfa frá árinu 2003. Áætlað er að til greiðslu verði 4,8 milljarðar. Greiðslur á öðrum lánnum á árinu eru áætlaðar 1,2 milljarður. Í frumvarpi til fjárlaga 2015 er stofnuninni veitt 6,5 milljarða króna lántökuheimild. Gert er ráð fyrir 4 milljarða skuldabréfaútgáfu í mars 2015 og 500 mkr. lántaka verði hjá Norræna fjárfestingabankanum (NIB). Eftirstöðvar lántökuheimildarinnar, 2 milljarðar verða nýttir þegar líða tekur á árið og fer eftir eftirspurn eftir lánnum og greiðslum til stofnunarinnar á veittum lánnum.

Í lok júní 2014 var eiginfjárlutfall Byggðastofnunar 16,36%, og því uppfyllir stofnunin skilyrði 84. gr. laga nr. 161/2002 um lágmarks eigið fé fjármálaþyrirtækja sem í dag er 8%.

Starfsmenn stofnunarinnar í nóvember 2014 voru 23. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði nýr sérfræðingur á þróunarsvið og starfsmaður á rekstrarsvið. Gert er ráð fyrir að einn starfsmaður á rekstrarsviði muni hætta sökum aldurs.

### 1.2 Rekstraráætlun 2015

Rekstrarreikningur þ.kr.	Áætlun 2015	Horfur 2014	Áætlun 2014
<b>Tekjur</b>			
Hreinar vaxtatekjur.....	500.000	370.000	545.000
Ríkisframlög skv. fjárlögum.....	324.900	371.100	371.100
Framl. v. jöfnunar flutningskostnaðar.....	0	0	196.500
Annað framlag v. óráðstafaðra styrkja.....	0	0	70.000
Gengismunur.....	0	10.000	0
Aðrar rekstartekjur.....	50.000	50.000	50.000
<b>Tekjur samtals.....</b>	<b>874.900</b>	<b>801.100</b>	<b>1.232.600</b>

<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld.....	266.000	236.000	240.000
Almennur rekstrarkostnaður.....	128.500	137.500	123.000
Rekstur fullnustueigna.....	25.000	30.000	30.000
Framlög til atvinnuþróunarfélaga.....	176.900	172.200	172.200
Veittir aðrir styrkir.....	10.000	5.000	70.000
Veittir styrkir v. jöfnunar flutningskostnaðar.....	0	0	190.000
Framlag í afskriftarreikning útlána og endurmat hlutafjár.....	250.000	-135.000	400.000
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	7.000	7.100	7.000
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>863.400</b>	<b>452.800</b>	<b>1.232.200</b>

<b>Hagnaður ársins.....</b>	<b>11.500</b>	<b>348.300</b>	<b>400</b>
-----------------------------	---------------	----------------	------------

<b>Sjóðstreymisáætlun þ.kr.</b>	<b>Áætlun 2015</b>	<b>Horfur 2014</b>	<b>Áætlun 2014</b>
Hagnaður (-tap).....	11.500	348.300	400
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi.....	-1.693.000	450.000	407.000
<b>Handbært fé frá rekstri.....</b>	<b>-1.681.500</b>	<b>798.300</b>	<b>407.400</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Afborganir útlána.....	705.000	1.700.000	850.000
Veitt ný lán.....	-1.500.000	-1.680.450	-1.500.000
Innleystar eignir.....			0
Hlutabréf.....			0
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	-20.000	-4.000	-20.000
Skuldunautar.....			
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals.....</b>	<b>-815.000</b>	<b>15.550</b>	<b>-670.000</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiðslur af lántökum.....	-4.000.000	-1.500.000	-1.200.000
Nýjar lántökur.....	6.500.000	0	1.500.000
Skuldheimtumenn og óráðstöfuð framlög.....			-70.000
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals.....</b>	<b>2.500.000</b>	<b>-1.500.000</b>	<b>230.000</b>
<b>Breytinga á handbæru fé</b>			
Handbært fé í ársbyrjun.....	3.500	-686.150	2.421.251
<b>Handbært fé í árslok.....</b>	<b>3.500</b>	<b>-686.150</b>	<b>2.388.651</b>

## 2. MÓTUN BYGGÐASTEFNU

### 2.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999

#### 2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags skv. skipulagslögum.

### 7. gr. Byggðaaáætlun

Ráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Í byggðaaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu.

Ráðherra skal vinna að byggðaaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun. Við gerð byggðaaáætlunar hafi ráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

## 2.2 Stöðugreining

Markviss og árangursrík byggðastefna verður að taka mið af fjölbreyttum þörfum einstaklinga, margbreytileika byggðarlaga og ólíkum aðstæðum einstakra landssvæða. Í því sambandi er mikilvægt að efla frumkvæði heimamanna og ábyrgð þeirra á eigin samfélagi. Þannig getur flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga unnið markvisst gegn tilhneigingu ríkisvaldsins til að þjappa opinberri þjónustu saman í Reykjavík og stuðlað að því að opinbert fé sé nýtt sem best í samræmi við aðstæður á hverjum stað. Slík valddreifing kallar óhjákvæmilega á sterka svæðisbundna samstöðu og samstillt átak gegn hrepparíg og þröngri hagsmunagæslu einstakra byggðarlaga. Jafnframt eflingu sveitarfélaga og landshlutasamtaka þarf að huga sérstaklega að stöðu byggðamála innan stjórnarráðsins. Þótt tilhneiging hafi verið til þess að skilgreina byggðamál sem atvinnumál í þröngum skilningi hefur stefnumótun ríkisins til dæmis í samgöngumálum, heilbrigðismálum, velferðarmálum og mennta- og menningarmálum ekki síður djúpstæð áhrif á þróun byggðar í landinu. Nauðsynlegt er að reglubundin samþætting allra málaflokka stjórnarráðsins sé á hendi aðila sem hefur bæði formlega stöðu og fjárhagslegt bolmagn til að framfylgja yfirlýstri byggðastefnu stjórnvalda.

Með núgildandi byggðaaáætlun er stigið skref í átt að samþættingu áætlana ríkisins.

### 2.2.1 Stefnumótandi byggðaaáætlun

Stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir árin 2014–2017 var samþykkt samhljóða á Alþingi þann 12. maí 2014. Stjórn Byggðastofnunar, en þó einkum formaður, ásamt starfsmönnum stofnunarinnar unnu að samningu áætlunarinnar ásamt starfsmönnum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Meginmarkmiðið samkvæmt áætluninni er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um allt land. Sérstök áhersla verður lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Þá verður lögð áhersla á að aðgerðir samkvæmt áætluninni stuðli að auknu jafnrétti kynjanna. Þær aðgerðir sem sem grípa á til falla undir fjögur lykilsvið: innviði (3 aðgerðir), sértækar aðgerðir á varnarsvæðum (3 aðgerðir), atvinnumál (6 aðgerðir) og opinber þjónusta (2 aðgerðir).

Þingsályktunin er byggð á 7. gr. laga um Byggðastofnun og stofnunin ber ábyrgð á fjórum aðgerðum byggðaaáætlunar 2014 – 2017, ein eða í samstarfi við aðra: Brothætt byggðarlög, Stuðningur við fyrirtæki, Stefnumótun um opinbera þjónustu og Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála. Ljóst er einnig að Byggðastofnun mun koma með afgerandi hætti að framkvæmd annarra aðgerða þó svo stofnunin beri ekki ábyrgð á aðgerðunum. Má nefna aðgerðina „Nýsköpun og vaxtargreinar“ en undir



þá aðgerð falla NORA, NPP og ESPON. Einnig AVS sjóðurinn sem fluttist til Byggðastofnunar í upphafi árs 2014.

Fjárveitingar til byggðaaætlunar eru ákvarðaðar með fjárlögum hvers árs en því fé er ekki skipt á aðgerðir byggðaaætlunar. Samkvæmt fjárlögum ársins 2015 eru 340 milljónir ætlaðar til framkvæmdar byggðaaætlunar samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Til samanburðar eru 148 milljónir ætlaðar til reksturs Byggðastofnunar og 176,9 milljón til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. 50 milljónir króna sem ætlaðar eru verkefninu „Brothættar byggðir“ eru á fjárlögum 2015 hluti af fjárveitingu til byggðaaætlunar en voru árin 2013 og 2014 á fjárlagalið Byggðastofnunar. Ekki er gert ráð fyrir að þessi formbreyting hafi áhrif á hvernig að framkvæmd verkefnisins er staðið. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun gera samning við Byggðastofnun um framkvæmd „Brothættu byggða“ verkefnisins.

Í áætluninni er fjallað um uppbyggingu á sviði gagnaflutninga, orkumála og samgangna og er því með þessari byggðaaætlun stigið skref í þá átt að samþætta áætlanir ríkisins. Þá kemur fram að markmið um viðhald búsetu og atvinnu í sveitum verði skýrð við endurskoðun stuðningskerfis landbúnaðarins.

### 2.2.2 Sóknaráætlanir

Samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar skal unnið að samþættingu opinberra áætlana og gerð sérstakra landshlutaáætlana. Þannig verður hlutverk sveitarstjórna og heimamanna á hverjum stað aukið við forgangsröðun verkefna í héraði. Landinu er skipt í átta svæði í samræmi við starfssvæði landshlutasamtaka sem falin er ábyrgð á því að vinna sóknaráætlanir landshlutanna. Hlutverk Byggðastofnunar er fimmþætt. Í fyrsta lagi vinnur stofnunin með stýrihópi stjórnarráðsins að heildarútfærslu áætlana og er starfsmaður stýrihópsins starfsmaður Byggðastofnunar. Í öðru lagi aðstoðar Byggðastofnun einstök landshlutasamtök við gerð sóknaráætlana fyrir viðkomandi landshluta. Í þriðja lagi vinnur Byggðastofnun í samvinnu við stýrihópinn að því að samhæfa aðkomu ólíkra stofnana ríkisvaldsins að vinnu við sóknaráætlanir landshluta. Í fjórða lagi hefur Byggðastofnun unnið að stöðugreiningum og þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana einstakra landshluta. Loks hefur þess verið farið á leit að stofnunin fari yfir skilagreinar frá landshlutasamtökunum vegna framkvæmdar samninga um sóknaráætlanir og gefi umsögn um hvort skilyrði samninga séu uppfyllt.

Einn helsti árangur sóknaráætlana landshlutanna hefur verið sá að auka samstarf og forgangsröðun á svæðisbundnum grunni og efling grenndarstjórnsýslu sem getur tekið við fleiri verkefnum frá ríkinu. Sóknaráætlanir landshlutanna geta hins vegar ekki komið í staðinn fyrir opinbera stefnu ríkisins í byggðamálum. Þvert á móti hlýtur samstarf ríkis og sveitarfélaga um svæðisbundna þróun að kalla á skýra stefnu í byggðamálum á landsvísu sem fléttast inn í starfsemi allra ráðuneyta. Sóknaráætlanir landshlutanna fela í sér aukna þörf á samhæfingu byggðamála innan stjórnsýslu ríkisins, eflingu sérfræðipækkingar á sviði byggðamála og skýrari stefnumótandi byggðaaætlun. Byggðastofnun getur gegnt mikilvægu hlutverki á þessum þremur sviðum á komandi árum.

### 2.2.3 Samþætting byggðamála við reglulega starfsemi ríkisins

Mikilvægt er að ráðuneyti og opinberar stofnanir vinni saman sem ein heild, ekki síst í byggðamálum. Skýrari verkaskipting milli almennra og sérhæfðra heilbrigðisstofnana getur þannig leitt til betri og ódýrari þjónustu við alla landsmenn og með sama hætti getur aukið samstarf og verkaskipting háskólastofnana eftir háskólamenntun um land allt. Við slíka hagræðingu og endurskipulagningu verður þó að gæta þess að lausnir sem eru ódýrar fyrir ríkissjóð geta verið óhagkvæmar fyrir skattgreiðendur, ekki síst utan þjónustusvæðis höfuðborgarinnar og allra stærstu þéttbýlisstaða. Litlar, sjálfstæðar stofnanir í heimabyggð geta í mörgum tilvikum veitt betri þjónustu og átt auðveldara með að laga sig að þörfum samfélagsins en stórar miðstýrðar stofnanir í Reykjavík eða afgreiðslur þeirra í stærstu þéttbýliskjörnum. Á ýmsum sviðum kann ein stofnun með almennt hlutverk í samstarfi við margar sérhæfðari stofnanir á höfuðborgarsvæðinu að henta fámennum þjónustusvæðum.

Í byggðaaætlun 2014–2017 er dreifing opinberra starfa áhersluatriði og tekið fram að með því verði stuðlað að fjölbreyttum atvinnutækifærum. Hugmyndin er að staðsetning opinberra starfa verði notuð með markvissum hætti til að skapa störf og efla mannauð og fagumhverfi um allt land. Stefnt er að því að á gildistíma byggðaaætlunar 2014 – 2017 snúist fækkun opinberra starfa utan höfuðborgarsvæðisins í fjölgun með nýjum verkefnum eða tilflutningi. Þá á að gera heildarúttekt á umfangi og árangri af flutningi opinberra starfa hérlendis. Áhersla á byggðasjónarmið við endurskipulagningu stjórnáætlunar er ekki andstæða heildstæðrar og faglegrar stefnumótunar heldur ómissandi þáttur hennar. Þannig er til dæmis mikilvægt að endurskipulagning og niðurskurður í heilbrigðismálum sé í skýrum tengslum við ólíkar aðstæður á mismunandi landssvæðum og stefnumótun ríkisins í samgöngumálum. Með sama hætti er nauðsynlegt að uppbygging skólakerfisins taki ekki síður mið af þörfum þeirra skattgreiðenda sem fjármagna það en þröngum hagsmunum einstakra stofnana eða hámarkssparnaði fyrir ríkissjóð. Hið sama má segja um margvíslega menningarstarfsemi sem greidd er af öllum landsmönnum en íbúar landsbyggðanna hafa takmarkaða möguleika til að njóta. Þá er nauðsynlegt að skoða sérstaklega hlutverk grenndarmiðla í almannarými einstakra landshluta og byggðahlutverk Ríkisúttvarpsins.

Til viðbótar við vinnu að sóknaráætlunum landshlutanna hefur Byggðastofnun með ýmsum hætti stuðlað að samþættingu byggðamála í starfsemi ríkisins. Þar má til dæmis nefna greiningar og umsagnir um stöðu einstakra byggðarlaga, svæðaskiptingu hagskýrslna, erlenda ríkisborgara í íslensku samfélagi, hagvöxt landshluta og breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Jafnframt nýta ráðuneyti, stofnanir og nefndir á vegum ríkisins sér oft sérfræðipækkingu starfsmanna Byggðastofnunar með formlegum og óformlegum hætti. Dæmi eru þó um skýrslur opinberra nefnda þar hvergi kemur fram að megintextinn hafi verið unninn af starfsmönnum Byggðastofnunar án sérstaks endurgjalds. Þá vann þróunarsvið Byggðastofnunar undirbúningsvinnu vegna núgildandi byggðakorts sem skilgreinir þau svæði þar sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) heimilar íslenskum stjórnvöldum að veita byggðastyrki. Vinnu við nýtt byggðakort lauk á vordögum 2014. Vinnu við verkefni tengd aðildarumsókninni að Evrópusambandinu lauk um leið og aðildarviðræður voru stöðvaðar snemma árs 2014.

#### 2.2.4 Sveitarfélög og samtök þeirra

Efling sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra er mikilvægur þáttur í því að styrkja byggð og stuðla að jákvæðri byggðapróun um allt land. Aðstæður eru afar ólíkar í mismunandi sveitarfélögum og byggðarlögum innan þeirra og mikilvægt að opinbert fé sé nýtt í samræmi við aðstæður á hverjum stað. Þetta á sérstaklega við um nærþjónustu á borð við málefni fatlaðra, þjónustu við aldraða, heilsugæslu og forvarnir, grunnnám, endurmenntun og menningarstarf af ýmsu tagi. Jafnframt er mikilvægt að forgangsröðun ríkisins taki mið af forgangsröðun heimafólks innan einstakra landshluta. Þannig gæti t.d. uppbygging sjúkrahúss eða háskólastofnunar skipt mestu máli á einu svæði en tilteknar samgöngubætur gætu talist til mikilvægustu framfaramála í heilbrigðis- eða menntamálum á öðru svæði.

Mun stærri hluti opinberra tekna og útgjalda eru í höndum ríkisins á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Íslensk sveitarfélög eru hins vegar misvel í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem þeim er nú þegar ætlað samkvæmt lögum og sum þeirra ættu erfitt með að taka við nýjum verkefnum. Jafnframt er mörg atvinnu- og þjónustusvæði að finna innan sumra sveitarfélaga og getur það skapað ýmis vandamál við skipulag opinberrar þjónustu. Sóknaráætlanir landshlutanna geta gegnt lykilhlutverki í eflingu sveitarstjórnarstigsins og flutningi verkefna frá ríki til byggðarlaga vítt og breitt um landið. Landshlutasamtökin gegna lykilhlutverki í því að samræma starfsemi innan einstakra landshluta gagnvart ríkisvaldinu en jafnframt er mikilvægt að samræma aðkomu ríkisins að verkefnum sem snerta málaflokka margra ráðuneyta og stofnana ríkisins. Ýmis verkefni ganga jafnframt þvert á landshluta og má þar til dæmis nefna málefni byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun og mat á samfélagslegum áhrifum framkvæmda sem snerta fleiri en einn landshluta.

Samstarf Byggðastofnunar við sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra um stefnumótun er margþætt. Svo sem fjallað er um í kafla 2.2.2 aðstoðar Byggðastofnun einstök landshlutasamtök sveitarfélaganna við gerð sóknaráætlana fyrir viðkomandi landshluta og vinnur að stöðugreiningum og þróun mælikvarða á árangri þeirra. Þá hefur Byggðastofnun unnið byggðaáætlanir í samstarfi við atvinnuþróunarfélögin og landshlutasamtökin og fundað með Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þau mál. Byggðastofnun mun leggja aukna áherslu á samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga varðandi stefnumótun og áætlanagerð. Stofnunin hefur enn fremur samstarf við sveitarfélögin og landshlutasamtök þeirra um fyrirkomulag atvinnuráðgjafar eins og nánar er fjallað um í 4. kafla. Loks safnar stofnunin og miðlar ýmsum upplýsingum sem snerta sveitarfélögin með beinum eða óbeinum hætti, svo sem nánar er fjallað um í fimmta kafla.

## 2.3 Verkefni á sviði byggðastefnu á árinu 2015

Á undanförunum árum hafa verið lögð drög að samþættingu stefnumótunar ríkisins, jafnframt því sem umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á stjórnarráði Íslands og ýmsum stofnunum þess. Þetta umhverfi er enn í mótun og því geta verkefni Byggðastofnunar á sviði stefnumótunar breyst. Miðað við núverandi stöðu eru tvö svið mikilvægust á árinu 2015.

### 2.3.1 Byggðaáætlun 2014–2017

Unnið verður að framkvæmd einstakra aðgerða byggðaáætlunar sem stofnunin ber ábyrgð á og eru fjármögnuð af föstum fjárlögum hennar eða af byggðaáætlun samkvæmt samningum við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Á árinu 2015 er fyrirhugað að byggðaáætlunin verði uppfærð og endurskoðuð og er reiknað með aðkomu Byggðastofnunar að því.

#### 1.3 Bættar samgöngur.

- Á árinu 2015 verður lokið vinnu við að skilgreina þjónustusóknarsvæði með það í huga að flokkar svæða geti orðið grundvöllur aðgerða í byggðamálum. (Sjá frekari umfjöllun í kafla 5.3.1 um úttektir og greiningar.)

#### 2.1 Brothætt byggðarlög.

- Verkefninu verður haldið áfram og unnið verður með nýjum byggðarlögum sem valin verða til þátttöku. Við framhald vinnunnar verður tekið tillit til stöðumats sem unnið hefur verið. (Sjá frekari umfjöllun í kafla 4.2.2 um brothætt byggðarlög.)

#### 2.3 Stuðningur við fyrirtæki.

- Áfram verður haldið með úthlutun aflamarks Byggðastofnunar og eftirfylgni með þeim samningum sem þegar hafa verið gerðir. Lagt mat á hvort markmið og árangur samkvæmt einstökum samningum hafi náðst og að samningsaðilar uppfylli skilyrði. (Sjá frekari umfjöllun í kafla 4.2.3 um Aflamark Byggðastofnunar.)
- Umsjón með jöfnun flutningskostnaðar verður með óbreyttu sniði. Ekki er gert ráð fyrir að vinna við tillögugerð um samræmingu stuðnings sem felst í jöfnun flutnings-, orku- og fjármagnskostnaðar og vinna á samkvæmt byggðaáætlun, hefjist fyrir en tillögur um mat á efnahagslegum styrk svæða hafa verið mótaðar og svæðin metin.
- Byggðastofnun mun skoða byggðaaðgerðir í nágrenni löndum með það í huga að leggja mat á hvort slíkar aðgerðir, svo sem lækun tryggingargjalds, séu líklegar til að styrkja atvinnulíf á efnahagslega veikum svæðum. Stofnunin mun leita samstarfs við utanaðkomandi aðila um þróun aðferðafræði til að meta efnahagslegan styrk svæða.

### 3.2 Stuðningur við nýfjárfestingu og atvinnuuppbyggingu.

- Skoðað verður hvar stór innviðaverkefni geta haft veruleg byggðaaðhrif. Ráðist verður í könnun á því hvar óskir eru um og forsendur eru fyrir aðkomu ríkisins að uppbyggingu iðnaðarhafna og svæða. Leitað verður samstarfs við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga um framkvæmd könnunarinnar. Að niðurstöðum fengnum verða lagðar fram hugmyndir um aðkomu ríkisins að slíkum verkefnum.

### 3.3 Dreifing opinberra starfa.

- Unnin verður tillaga að heildarúttekt á umfangi og árangri af flutningi opinberra starfa hérlendis á síðustu 15 árum. (Sjá frekari umfjöllun í kafla 5.3.1 um úttektir og greiningar.)

### 4.1 Stefnumótun um opinbera þjónustu.

- Unnin verður tillaga að skilgreiningu grunnþjónustu og rétti landsmanna til grunnþjónustu. Aðgengi að grunnþjónustu eftir landsvæðum verður metið og settar fram tillögur til úrbóta.

### 4.2 Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála.

- Vinnu við uppbyggingu gagnagrunns verður haldið áfram. Haldið verður áfram samstarfi við Skipulagsstofnun og Landmælingar um uppbyggingu gagnagrunna og leitað verður eftir samstarfi við ráðuneyti og Hagstofu um framtíðarskipan söfnunar og birtingar tölfraeðiupplýsinga sem skipta máli varðandi mótun byggðastefnu og vöktun.
- Hafinn verður undirbúningur að rannsókn á orsökum búferlaflutninga og hvaða áhrifaþættir ráða búsetuvali kynjanna.
- Á árinu 2014 var lokið kortlagningu á því hvar þjónustu opinberra aðila er að finna. Á árinu 2015 verður gerð könnun á því hvert fólk sækir hina ýmsu þjónustu. Þannig má átta sig á því vægi einstakra þjónustumiðstöðva. Auglýstir verða styrkir til rannsókna á sviði byggðamála úr Byggðarannsóknasjóði.
- Boðnir verða styrkir til meistaranema vegna verkefna tengdum framkvæmd byggðaaætlunar.
- Haldin verður fræðileg ráðstefna um byggðamál haustið 2015. (Sjá frekari umfjöllun í kafla 5.3.3 um stuðning við rannsóknir.)

### Áætlað umfang 2015:

NPA umsjón .....	5 mannmánuðir
NORA umsjón .....	4 mannmánuðir
ESPOUN umsjón .....	3 mannmánuðir
Byggðaaðgerðir í nágrennalöndum .....	2 mannmánuðir
Stuðningur við nýfjárfestingu og atvinnuuppbyggingu .....	2 mannmánuðir
Stefnumótun um opinbera þjónustu.....	2 mannmánuðir
Rannsókn á orsökum búferlaflutninga og búsetuvali kynjanna ...	2 mannmánuðir
Endurskoðun byggðaaætlunar .....	2 mannmánuðir

### 2.3.2 Landshlutaáætlanir

Á árinu 2015 mun Byggðastofnun áfram (1) vinna með stýrihópi stjórnarráðsins að útfærslu og framkvæmd verkefnisins, (2) aðstoða einstök landshlutasamtök við gerð sóknaráætlana, (3) samhæfa aðkomu ólíkra stofna ríkisvaldsins að þessari vinnu, (4) vinna að stöðugreiningum og þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana einstakra landshluta og (5) fara yfir skilagreinar frá landshlutasamtökunum vegna framkvæmdar samninga um sóknaráætlanir einstakra landshluta og gefa umsögn um hvort skilyrði einstakra samninga séu uppfyllt.

Áætlað umfang 2015:

Starfsmaður sóknaráætlana: ..... 6 mannmánuðir

Vinna með stýrihópi og við sóknaráætlanir ..... 3 mannmánuðir

## 3. LÁNASTARFSEMI BYGGÐASTOFNUNAR

### 3.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999

#### 2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags skv. skipulagslögum.

#### 11. gr. Veiting lána og ábyrgða

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr.

Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi.

### 3.2 Stöðugreining

Einn meginþátturinn í starfi Byggðastofnunar er að leitast við að tryggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins aðgang að lánsfé. Færa má fyrir því sterk rök að lán á hagstæðum kjörum gegn veðum í fasteignum og atvinnutækjum sé skynsamlegri, sanngjarnari og ódýrari leið en beinir styrkir til eflingar atvinnulífs. Lánastarfsemi er í eðli sínu áhættusöm á svæðum sem búa við neikvæðan hagsvöxt og vaxtagreiðslur fyrirtækja í viðunandi rekstri geta ekki fyllilega staðið undir útlánatapi vegna annarra. Stuðningur ríkisins við slíka lánastarfsemi skilar sér til baka í öflugra atvinnulífi og skattgreiðslum fyrirtækja sem njóta lánafyrirgreiðslu stofnunarinnar, starfsmanna þeirra og afleiddrar starfsemi um land allt.

Í samræmi við markmið stofnunarinnar um eflingu byggðar og atvinnulífs um allt land er mikilvægt að hugað verði sérstaklega að kynbundnum áhrifum útlánastarfseminnar. Kynskiptur vinnumarkaður

með einhæfum og illa launuðum kvennastörfum er ein meginorsök byggðaröskunar í dreifbýli. Víða í Evrópu er farið að líta svo á að jafnrétti kynjanna sé ekki bara af félagslegum toga, heldur er litið til frumkvöðlastarfsemi kvenna sem eins af drifkröftum í vexti efnahagslífs landanna og hafa stjórnvöld víða sett sér stefnu um hvernig auka megi stuðning við frumkvöðlastarfsemi kvenna. Fjölgun fyrirtækja í eigu kvenna, aukin þátttaka kvenna í stjórnun fyrirtækja, ráðgjöf sérstaklega sniðin að konum í rekstri, fjölgun fjölbreyttra starfa og kynjasambætting vinnumarkaðar eru því meðal mikilvægra samfélagsmarkmiða lánastarfsemi Byggðastofnunar.

Mjög hefur verið hert á reglum og eftirliti með fjármálafyrirtækjum undanfarin ár og á þetta einnig við um lánastarfsemi Byggðastofnunar þar sem stofnunin starfar eftir lögum um fjármálafyrirtæki. Auknar kröfur hafa verið lagðar á stjórnir og stjórnendur slíkra fyrirtækja um áhættuvitund og áhættustjórnun. Útlánareglur og fagleg vinnubrögð stofnunarinnar hafa hlotið afar góðar umsagnir í úttektum Ríkisendurskoðunar á undanförunum árum og stjórn og stjórnendur gera sér grein fyrir mikilvægi virkrar áhættustjórnunar og þess að efla áhættuvitund.

Í heild var árið 2014 mun betra en árið 2013 hvað varðar ný útlán Byggðastofnunar. Samþykkt ný lán (til október 2014) eru 1.738 mkr samanborið við 505 mkr allt árið 2013.

Útlán stofnunarinnar til um 350 aðila námu í árslok 2014 rúmlega 11 milljörðum króna fyrir framlag í afskriftarreikning. Stærsta einstaka atvinnugreinin í útlánasafni stofnunarinnar er ferðapjónusta en í heild eru útlán til þeirrar atvinnugreinar um 3,3 milljarðar króna, eða 30% af lánasafninu og langmest til hótela og gististaða. Næst stærsta atvinnugreinin er sjávarútvegur með um 2,9 milljarða króna, eða 26% af útlánunum. Mikill uppgangur er enn í ferðapjónustu og allar spár benda til að svo verði áfram á næsta ári en svo fari að draga úr vextinum, en að hann verði þó enn töluverður. Fiskeldi hefur verið að aukast jafnt og þétt á landinu og gangi áætlanir þeirra fyrirtækja sem eru þegar farin af stað í fiskeldi eftir, mun sú grein verða mikilvæg atvinnugrein á Íslandi á komandi árum og skapa umtalsverðar gjaldeyristekjur. Töluvert hefur verið leitað til Byggðastofnunar vegna lána í fiskeldi og viðbúið að svo verði eitthvað áfram á næsta ári. Lán vegna nýliðunar og kynslóðaskipta í landbúnaði sem stofnunin fór af stað með í byrjun árs 2014 hafa vakið sterk viðbrögð og viðbúið er að sú mikla eftirspurn haldi áfram jafnt og þétt á næsta ári og ekki hvað síst vegna breytinga og framleiðsluaukningar í mjólkuriðnaði.

Hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu hefur verið í sögulegu lágmarki síðustu fimm ár, fjárfesting atvinnuveganna var minnst árið 2010, aðeins um 30% af því sem hún var árið 2006 þegar hún var hvað mest. Í hlutfalli við VLF var fjárfesting atvinnuveganna um 10% á síðasta ári sem er svipað hlutfall og síðustu 5 ár. Fjárfestingar hafa verið að aukast á ný á þessu ári og almenn atvinnuvegafjárfesting (án stóriðju, skipa og flugvéla) jókst um 15,7% á milli ára á fyrri helmingi ársins 2014 samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Greiningadeildir stærstu viðskiptabankanna og Seðlabanka Íslands gera ráð fyrir að fjárfestingar aukist frekar á næsta ári og verða það að teljast jákvæðar fréttir gangi þessi spá eftir, því vöxtur fjárfestinga leggur grunninn að aukinni framleiðslu og þar með hagvexti þegar fram í sækir. Spár gera ráð fyrir töluverðri fjárfestingu á komandi árum í ferðapjónustu en að aukning í fjárfestingu verði víðast hvar í atvinnulífinu, enda hefur skuldsetning íslenskra fyrirtækja minnkað, fjármögnunarumhverfið er tiltölulega hagfellt og forði vannýttara fastafjármuna eftir offjárfestingu fyrir hrun að mestu horfinn.

Skuldir íslenskra fyrirtækja hafa lækkað töluvert frá árinu 2013 samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Skuldir fyrirtækja voru um 122% af landsframleiðslu í júní sl. og hafa lækkað um 23% á milli ára. Lækkunin stafar að hluta til af aukinni landsframleiðslu en raunlækkun er 14%. Þá voru hrein útlán stóru viðskiptabankanna þriggja til fyrirtækja neikvæð um 3 milljarða á fyrsta ársfjórðungi 2014 sem þýðir að uppgreiðslur voru meiri en ný veitt útlán, en mikið var greitt upp af verðtryggðum lánnum (greiðslur umfram samningsbundnar greiðslur). Hrein ný útlán stóru viðskiptabankanna þriggja til fyrirtækja voru aftur á móti um 35 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi ársins, aðallega óverðtryggð og gengisbundin lán.

Áfram er spáð að útflutningur þjónustu verði drifkraftur vaxtar í útflutningi en þó er reiknað með því að dragi úr vexti ferðaþjónustu en að sú atvinnugrein muni þó áfram eiga stóran þátt í hagvextinum á næstu árum. Gert ráð fyrir töluverðri aukningu á einkaneyslu og aukinni fjárfestingu, en aukning á þessum þáttum geri það að verkum að hagvöxtur verði um 3% - 4% á næstu árum.

Árið 2013 voru vextir á verðtryggðum lánnum Byggðastofnunar lækkaðir tvisvar. Fyrst í apríl um 0,5%, úr 6,9% í 6,4% og niður í 5,9% í nóvember. Á árinu 2013 fór Byggðastofnun í fyrsta sinn að veita óverðtryggð lán en vaxtakjör á þeim lánnum eru 3,5% álag á REIBOR vexti. Vextir héldust óbreyttir á árinu 2014 fyrir utan nýja tegund lána til landbúnaðar til að auðvelda kynslóðaskipti í greininni en þau lán eru með 5% verðtryggðum vöxtum, geta verið jafngreiðslulán eða með jöfnum afborgunum til 25 ára og möguleiki er á að greiða einungis vexti fyrstu 3 árin.

Í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun sem samþykkt var á Alþingi á vormánuðum 2014 segir í lið 3.5 lánastarfsemi, að markmið sé að tryggja fyrirtækjum á starfssvæði Byggðastofnunar aðgang að lánsfjármagni á sambærilegum kjörum og fjármálafyrirtæki bjóða á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt byggðaáætlun skal gera úttekt á lánastarfi Byggðastofnunar þar sem mat verði meðal annars lagt á reglubundinn kostnað af starfinu, ákvæði laga um varðveislu eigin fjár, fjármögnun tapaðra útlána og möguleika á auknu samstarfi við aðrar fjármálastofnanir, t.d. með veitingu ábyrgða. Afstaða verði tekin til þess hvort ákvæði um varðveislu eigin fjár í lögum um Byggðastofnun sé raunhæft og hvort ríkið eigi að styðja við lánastarfsemina með föstum eiginfjárframlögum á hverju ári. Ábyrgð á þessu verkefni er á höndum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins en ekki er tímasett hvenær þessari vinnu á að vera lokið.

### 3.3 Útlánaáætlun og verkefni á sviði lánamála á árinu 2015

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir að lánveitingar Byggðastofnunar á árinu 2015 verði alls 1.500 mkr. Eins og alltaf er töluverð óvissa um útlánaþörf ársins 2015 en miðað við hvernig mál hafa þróast á þessu ári er ekki ástæða til að áætla annað en að töluverð eftirspurn verði eftir lánnum á næsta ári.

Á árinu 2015 er gert ráð fyrir að framlag í afskriftarreikning útlána verði að hámarki 250 mkr.

Áhætta vegna nýrra útlána mun takmarkast af því, en framlög í afskriftarreikning eru ákveðin af lánanefnd við ákvörðun um lánveitingu, og færð til gjalda við útborgun lánsins. Nauðsynlegt getur reynst að taka útlánaáætlun til endurskoðunar ef aðstæður breytast. Megin markmiðin eru að útlánageta stofnunarinnar nýtist sem allra best, og að uppfylla skilyrði laga um fjármálafyrirtæki um lágmarks eiginfjárlutfall stofnunarinnar.

Vaxtakjör verða tekin til endurskoðunar þegar fyrir liggur hvaða kjör stofnunin mun fá í skuldabréfaútbóði á fyrsta ársfjórðungi næsta árs og út frá almennri vaxtaþróun á fjármagnsmarkaði.

Eins og að framan segir er alltaf óvissa um eftirspurn eftir útlánnum en allar spár benda til að eftirspurn aukist eitthvað á næsta ári og skiptir þá máli að Byggðastofnun geti veitt viðskiptavinum sínum sanngjörn kjör á sínu starfssvæði sem eru sambærileg við þau kjör sem fyrirtæki sem eru staðsett á svæðum sem búa ekki við markaðsbrest fá hjá viðskiptabönkunum. Í samræmi við þetta skal á árinu 2015 leggja áherslu á eftirfarandi viðmið:

1. Vegin meðaláhætta allra útlána ársins 2015 verði ekki hærrí en 10%.
2. Miðað skal við að áhætta vegna eins eða fleiri tengdra aðila fari ekki yfir 250 mkr.
3. Sérstök áhersla verði lögð á gjaldeyrisskapandi eða gjaldeyrissparandi verkefni.
4. Sköpun eða varðveislu varanlegra starfa.
5. Áfram verður lögð áhersla á að nægjanlegt eiginfjárframlag sé til nýrra verkefna til að auka möguleika á að verkefnið takist.

Reglubundinni lánastarfsemi Byggðastofnunar verður haldið áfram með óbreyttu sniði. Auk þess verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi verkefni:

### 3.3.1 Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða

Í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017 sem samþykkt var á Alþingi sl. vor segir í formála „Þá verði lögð sérstök áhersla á að aðgerðir samkvæmt áætluninni stuðli að auknu jafnrétti kynjanna“ og í athugasemdum við þingsályktunina liður 7. *Félagsauður* segir; „Jafnrétti og þátttaka beggja kynja í atvinnulífi og samfélagsmótun er sérstakt viðfangsefni sem líta þarf til“. Markmiðið með samþættingu kynja – og jafnréttissjónarmiða hjá Byggðastofnun er m.a. að fjölga fyrirtækjum í eigu kvenna sem viðskiptavinum hjá stofnuninni. Í því skyni hefur verið litið sérstaklega til útlánastarfsemi stofnunarinnar. Unnið verður áfram með samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í lánastarfsemi Byggðastofnunar með það fyrir augum að fjölga fyrirtækjum í eigu kvenna, auka þátttöku kvenna í stjórnun fyrirtækja, fjölga fjölbreyttum störfum og stuðla að kynjasamþættingu vinnumarkaða í landsbyggðunum. Stefnt er að því á árinu 2015 að setja á stofn smálánasjóð (micro credit fund) sem verður einskorðaður við atvinnurekstur kvenna og í samvinnu við atvinnuþróunarfélögin hvernig megi bæta og auka ráðgjöf til kvenna í atvinnurekstri.

Áætlað umfang 2015: ..... 2 mannmánuðir

### 3.3.2 Áhættustefnur og áhættureglur – mælingar og eftirfylgni

Á árinu 2014 var unnið að því að skrá áhættustefnu stofnunarinnar í fjórum megin liðum, þ.e. lausafjárahættu, rekstraráhættu, útlánaáhættu og markaðsáhættu.

Í áhættustefnunni og áhættureglum felst greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri og skilvirkt skipulag til að meta, mæla eða draga úr áhættu með ígrunduðum ákvörðunum. Sett voru markmið stofnunarinnar í þessum megin áhættuliðum og hvernig eftirfylgni með þeim er háttáð. Á árinu 2015 verða í fyrsta sinn framkvæmdar mælingar á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í áhættustefnu stofnunarinnar og áhættureglum.

Á árinu 2013 hófst jafnframt vinna við að endurmóta aðferðafræði sem notuð er til að reikna út framlag í afskriftarreikning útlána. Búið er að vinna mikla vinnu á árinu 2014 sem fólst aðallega í því að þróa nýja aðferðafræði og vakta útlánasafnið með virkari hætti en gert hefur verið og tengist það vinnu við áhættustefnu stofnunarinnar. Það felur í sér að útlánasafnið er flokkað eftir áhættuflokkum, staða stærstu viðskiptavina stofnunarinnar er sérstaklega greind og þeirra viðskiptavina sem eru komnir í lögfræðiiinnheimtu. Lagt er mat á samþjöppunaráhættu eftir atvinnugreinum og landshlutum.

Áfram verður unnið að því að þróa aðferðafræði við virkari vöktun á útlánasafninu á árinu og framfylgd áhættustefnu og áhættureglna stofnunarinnar. Til að tryggja eftirfylgni með áhættustefnu og markmiðum hafa verið endurskoðaðir ferlar á skýrslugjöf til stjórnar og eftirlitsaðila og verður þeirri vinnu haldið áfram á árinu 2015 ásamt því að unnin verður ICAAP skýrsla (Internal Capital Adequacy Assessment Process) fyrir stofnunina þar sem fram kemur innra mat á áhættustöðu stofnunarinnar og mat á eiginfjárförf.

Áfram verður unnið marksvisst að eflingu áhættustjórnunar með því að fylgjast stöðugt með því hvort þörf sé á að bæta innri ferla og auka skilvirkni greininga og miðlunar á helstu áhættum í rekstri stofnunarinnar.

Áætlað umfang 2015: ..... 2 mannmánuðir

### 3.3.3 Lán til landbúnaðar

Á árinu 2014 var tekin ákvörðun um að bjóða upp á sérstök lán til landbúnaðar hjá Byggðastofnun til að auðvelda nýsköpun og kynslóðaskipti í landbúnaði. Lánin eru með lægri vöxtum en almenn lán hjá stofnuninni, 5% í staðinn fyrir 5,9%, geta verið jafngreiðslulán eða með jöfnum afborgunum, eru til



lengri tíma eða allt að 25 ára og hægt er að greiða einungis vexti fyrstu 3 árin. Lánin hafa mælst vel fyrir sem sýnir að mikil þörf var á því að þjónusta landbúnaðinn hvað varðar fjármagn, sérstaklega á þeim svæðum þar sem hagvöxtur hefur verið lítil undanfarið ár og svæðum sem hafa átt undir högg að sækja.

Töluverð aukning hefur verið framleiðslu í landbúnaði undanfarið ár, ekki hvað síst í mjólkurframleiðslu. Lagt er til að á árinu 2015 verði haldið áfram að útfæra þennan lánaflökk og skoðað hvernig stofnunin getur komið enn betur til móts við þessa mikilvægu atvinnugrein í landinu. Einnig verði í samvinnu við hagsmunaaðila unnar greiningar á stöðu og horfum í einstökum greinum landbúnaðar.

Áætlað umfang 2015: ..... 2 mannmánuðir

### 3.3.4 Árangursmat

Aukin krafa er til stofnana ríkisins á að sýna mælanlegan árangur af starfsemi og á það ekki bara við hér á landi heldur einnig í löndunum í kringum okkur. Þessi aukna áhersla er ekki síður mikilvæg fyrir stofnanirnar sjálfar til að gera sér betur grein fyrir hvað virkar og hvað ekki og hvar hægt er að gera betur. Ekki er auðvelt að mæla árangur af starfsemi lánasviðs Byggðastofnunar en það er þó ekki ómögulegt. Í byrjun árs 2013 gaf Byggðastofnun út skýrsluna „Samfélagsleg áhrif af lánastarfsemi Byggðastofnunar“ þar sem gerð var tilraun til að mæla árangur af lánastarfsemi eftir vinnusóknarsvæðum.

Ætlunin er að skoða tvær leiðir í þessu sambandi á árinu 2015. Annars vegar að gera þjónustukönnun meðal viðskiptavina lánasviðsins og bera saman við þjónustukönnun sem gerð var í byrjun árs 2012 og hins vegar að leita nýrra leiða til að mæla árangur af starfsemi lánasviðsins og í því sambandi skoða aðferðafræði frá systurstofnun Byggðastofnunar í Noregi sem hefur verið að gera slíkar árangursmælingar. Lagt er til að skoða í því sambandi að fá utan að komandi aðila til að vinna verkið í samstarfi við stofnunina.

Áætlað umfang 2015: ..... 2 mannmánuðir

### 3.3.5 Endurskoðun á útlánagreiningum og umsóknum

Stofnunin hefur tekið þátt í verkefni á vegum Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð. Verkefnið var tilraunaverkefni sem líkur að öllum líkindum í lok árs 2014 en áfram verður haldið með verkefnið í einhverri mynd.

Samþykkt var eftir þetta verkefni að gerð verði krafa um það í öllum umsóknareyðublaðum í umsóknum um styrki og lán hjá stofnunum sem heyra undir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að umsækjendur verði að gera grein fyrir áhrifum verkefnisins á kynbundinn vinnumarkað og hvort þau störf sem verkefnið skapi muni henta betur konum eða körlum eða báðum kynjum að mati umsækjenda. Jafnframt að gera grein fyrir kynjasamsetningu í fyrirtækinu eins og hún er þegar umsókn er send inn.

Í umsóknareyðublaði stofnunarinnar í dag er gerð krafa um að umsækjendur geri grein fyrir kynjahlutföllum starfsmanna en ekki hefur enn verið unnið áfram með þessar upplýsingar eða þær nefndar í greiningarblaði lánasérfræðings sem fer fyrir lánanefnd eða stjórn.

Á árinu 2015 verður farið í að endurskoða umsóknareyðublað um lán, að bætt verði við í umsóknareyðublaðið beiðni um mat á áhrifum á kynskiptan vinnumarkað og það sett inn í greiningarblað lánasérfræðings á mati á umsókn.

Sífelld auknar kröfur eru um að við umgöngumst auðlindir landsins með betri hætti og meiri varúð og sífelld meiri kröfur eru gerðar til þess að umhverfisáhrif verkefna og framkvæmda séu metin. Þetta skiptir m.a. máli við fjármögnun stofnunarinnar á erlendum lánamarkaði t.d. frá Norræna fjárfestingabankanum (NIB).

Á árinu 2015 verður farið í að endurskoða umsóknareyðublað um lán, að bætt verði við í umsóknareyðublaðið upplýsingum frá umsækjanda um áhrif verkefnisins/framkvæmdarinnar á umhverfið. Upplýsingar um það verði settar inn í greiningarblað lánasérfræðings við mat á umsókn.

Umsóknareyðublaðið verða endurskoðuð og bætt verður við rafrænum umsóknum fyrir lán til landbúnaðar og fyrir beiðni um skuldbreytingu. Settar verða verklagsreglur um form og efni greininga lánsúmsókna.

Áætlað umfang 2015: ..... 2 mannmánuður

### 3.3.6 Kaup á hlutafé og styrkveitingar 2015

Lagt er til að stofnuninni verði heimilt að verja allt að 50 mkr. til þátttöku í hlutafjárukningu í félögum sem hún er þegar hluthafi í til að styrkja fjárhag þeirra og verja hagsmuni sína. Skoðaðir verða möguleikar á styrkveitingum eftir því sem fjárveitingar og fjárhagsstaða stofnunarinnar gefur tilefni til.

## 4. STUÐNINGUR VIÐ BYGGÐAÞRÓUN

### 4.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999

#### 2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags skv. skipulagslögum.

#### 9. gr. Atvinnuráðgjöf.

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á starfssvæði stofnunarinnar í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra.

#### 12. gr. Fjármögnun þróunarverkefna.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem iðnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar.

Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

### 4.2 Stöðugreining

Auk starfs Byggðastofnunar á sviði stefnumótunar (kafla 2), lánveitinga (kafla 3) og öflunar og miðlunar upplýsinga (kafla 5) hefur Byggðastofnun stutt við byggðaþróun með margvíslegum beinum hætti. Samstarf við atvinnuþróunarfélög í öllum landshlutum á starfssvæði stofnunarinnar á sér langa sögu. Nýrri veigamikil verkefni stofnunarinnar eru verkefni Brothættar byggðir og úthlutun á aflamarki Byggðastofnunar en bæði þessi verkefni fara stækkandi. Vart verður áhuga stjórnvalda á að fela

stofnuninni fleiri verkefni. Leitað verður eftir aukinni samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtökin en þau hafa víða tekið við atvinnuráðgjafarstarfsemi.

#### 4.2.1 Atvinnuráðgjöf á starfssvæði Byggðastofnunar

Samkvæmt fjárlögum ársins 2015 mun ríkið veita um 176,9 milljónum króna til atvinnuráðgjafa í landsbyggðunum. Byggðastofnun hefur gert samninga við átta atvinnuþróunarfélög og voru þeir síðast endurnýjaðir í apríl 2013. Markmið samninganna er að skapa grundvöll fyrir samstarf í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, samþætta áherslur ríkisins og heimamanna og stuðla að gagnkvæmri miðlun þekkingar á sviði atvinnuþróunar. Atvinnuþróunarfélögin skulu meðal annars vinna að atvinnu- og byggðapróun, atvinnuráðgjöf, nýsköpun, eflingu búsetuþátta og upplýsingaöflun. Þótt áhersla sé lögð á atvinnuþróun snýst allt að helmingur starfs atvinnuþróunarfélaga um almenna byggðapróun.

Byggðastofnun leggur atvinnuþróunarfélögunum til fé, fylgist með að starfsemi þeirra sé í samræmi við skyldur, veitir faglega aðstoð, samræmir tengsl og gengst fyrir fundum og ráðstefnum. Byggðastofnun hefur heimild til að tilnefna fulltrúa til setu á stjórnarfundum atvinnuþróunarfélaganna með málfrelsi og tillögurétti og er hluthafi í Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Að öðru leiti eru félögin á forræði heimamanna og lúta ekki valdi Byggðastofnunar nema hvað varðar þau atriði sem samningar kveða á um.

Framlag Byggðastofnunar til starfsemi atvinnuþróunarfélaga er ákveðið í fjárlögum hvers árs. Á fundi sínum 25. janúar 2013 samþykkti stjórn Byggðastofnunar tillögu að nýrri skiptingu fjár til atvinnuþróunar.

Meginhluta fjár til atvinnuþróunar er skipt á milli starfandi atvinnuþróunarfélaga í samræmi við stærð og fjölda vinnusóknarsvæða innan þeirra vébanda. Fjöldi vinnusóknarsvæða endurspeglar að talsverðu leyti vegalengdir innan starfssvæða atvinnuþróunarfélaga og kostnað við starfsemi á mörgum stöðum. Stærð vinnusóknarsvæðanna endurspeglar styrk þeirra og þótt gert sé ráð fyrir að kostnaður við atvinnuþróun aukist með auknum mannfjölda er reiknað með hlutfallslega hærri upphæðum til fámennari svæða. Sums staðar falla vinnusóknarsvæði saman og er þá íbúafjöldi aðeins talinn til annars svæðisins.

#### Vægi vinnusóknarsvæða:

- A- Stærstu vinnusóknarsvæði landsins..... 10 einingar
- B- Stærsta vinnusóknarsvæði hvers félags..... 10 einingar
- C- Önnur stærri vinnusóknarsvæði..... 6 einingar
- D- Miðlungs vinnusóknarsvæði ..... 3 einingar
- E- Lítil vinnusóknarsvæði..... 1 eining

Á árinu 2013, þegar þessu kerfi var komið á, var hver eining 1 mkr. Með fyrirvara um framlag á fjárlögum er gert ráð fyrir að sú upphæð hækki í samræmi við verðlagsþróun á komandi árum. Verði síðar gerð breyting á einingafjölda vegna tiltekinnar tegundar svæðis gengur hún sjálfkrafa yfir öll sambærileg svæði á landinu. Flytjist vinnusóknarsvæði milli atvinnuþróunarfélaga leiðir það jafnframt sjálfkrafa til breytinga á fjárframlögum samkvæmt þessu líkani.

Jafnframt er gert ráð fyrir tiltekinni upphæð vegna sérstakra aðstæðna sem ekki endurspeglast í fjölda og stærð vinnusóknarsvæða. Hér er sérstaklega litið til erfiðra samgangna, mikillar fólksfækkunar, lágra launa, fábreytni í atvinnulífi og atvinnuleysis. Þessar upphæðir verða samningsbundnar vegna þróunarsetra á vegum viðkomandi atvinnuþróunarfélaga og verða endurskoðaðar með tilliti til breytinga á aðstæðum á viðkomandi svæði og öðrum svæðum landsins. Á árinu 2013 var veitt 21,2 mkr til slíkra þróunarsetra á Vestfjörðum og 10 mkr á Suðurnesjum.

Nýtt skipulag stjórnarráðsins er enn í mótun og mikil gerjun í samvinnu sveitarfélaga á vettvangi landshlutasamtaka. Í því sambandi hefur nokkuð hefur verið rætt um breytingar á fyrirkomulagi

stuðnings ríkisins við atvinnuþróun og virðast tvær leiðir einkum til umræðu. Annars vegar hefur verið rætt um möguleika á því að nýtt stoðkerfi atvinnulífsins leysi af hólmi margvíslegar stofnanir og sjóði á því sviði en hins vegar að fé til atvinnuráðgjafar færast frá ríki til landshlutasamtakanna sem hluti fjármögnunar sóknaráætlana landshlutanna. Rétt er að skoða slíkar hugmyndir með opnum huga en jafnframt er mikilvægt að halda því til haga að samningar Byggðastofnunar um starfrækslu atvinnuþróunarfélaga hafa fram til þessa reynst sveigjanlegt tæki til að takast á við mismunandi aðstæður í einstökum landshlutum og síbreytilegt skipulag ríkis og sveitarstjórna. Mikilvægt er að viðtækt samráð verði haft um hugmyndir um breytingar á því fyrirkomulagi.

#### 4.2.2 Stuðningur við brothætt byggðarlög

Verkefnið „Brothættar byggðir“ hófst haustið 2012 á Raufarhöfn í samstarfi við íbúasamtök, sveitarfélagið Norðurþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Háskólann á Akureyri og fleiri aðila. Aðferðin byggist á að leitast er við að leiða fram vilja og skoðanir íbúanna sjálfra, og leita lausna á forsendum þeirra í viðtæku samstarfi við ríkisvaldið, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið og landshlutasamtök sveitarfélaga, brottflutta íbúa, vaxtarsamninga, og aðra sem vilja láta sig framtíð byggðarlagsins varða.

Verkefnið byggir á hugtakinu „valdefling“ (empowerment), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni. Markmið verkefnisins eru þessi:

- Að auka vitund fólks í brothættum byggðarlögum um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að virkja frumkvæði íbúa og samtakamátt.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlög.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum, sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim, í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Á hverjum stað hefur verkefnisstjórn skilgreint svohljóðandi loforð til íbúa: „*Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu. Einnig að verkefnisstjórnin muni koma niðurstöðum íbúabingsins á framfæri við ríkisstjórn og stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun viðkomandi byggðarlags til að stuðla að því að ákvarðanir þessara aðila taki mið af áherslum íbúanna.*“

Með 50 m.kr. fjárveitingu frá Alþingi á árinu 2013 var þetta verkefni eft til muna og útvíkkað til fleiri byggðarlaga. Á fjárlögum ársins 2014 voru aftur veittar 50 milljónir til verkefnisins.

Vorið 2014 var lýst eftir áhugasömum þátttakendum af fleiri svæðum í verkefninu. Alls bárust umsóknir frá sjö sveitarfélögum fyrir tíu svæði. Af þessum tíu svæðum eru fimm á Vestfjörðum, en með þeim svæðum sem verkefnið nær þegar yfir má segja að það taki yfir flesta landshluta.

#### 4.2.3 Aflamark Byggðastofnunar

Með breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr.116/2006 þann 25. júní 2013 samþykkti Alþingi að Byggðastofnun skuli næstu fimm fiskveiðiar hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.800 þorskígildislestum til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Þann 19. september 2013 var sett reglugerð nr. 840/2013 af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í samráði við Byggðastofnun með nánari útfærslu á hvernig standa skuli að útfærslu og ráðstöfun áðurgreindra aflaheimilda.

Auglýst var eftir umsóknum eftir að gerð hafði verið greining á því hvaða staðir kæmu til greina. Samningar voru síðan undirritaðir við þá umsækjendur sem töldust vera með bestu umsóknirnar

seint á árinu 2013 og á árinu 2014. Um er að ræða aðila á Tálknafirði, Flateyri, Suðureyri, Drangnesi, Raufarhöfn og Bakkafirði.

Á árinu 2014 ákvað sjávarútvegsráðherra að tillögu Byggðastofnunar að úthluta 1.100 þorskígildistonnum til viðbótar inn í Aflamark Byggðastofnunar sem skiptust á Þingeyri, Djúpavog, Hrísey og Breiðdalsvík. Auglýst var eftir umsóknum á þessum fjórum stöðum og hafa samningar verið undirritaðir vegna Hríseyjar og Breiðdalsvíkur. Vinna er enn í gangi með umsækjendum varðandi Þingeyri og Djúpavog en vonast er til að það klárast á árinu 2014. Þá verða tíu staðir komnir inn í verkefnið.

Komið hefur í ljós að umsýsla með þessu verkefni er allnokkur og meiri en menn gerðu sér grein fyrir í upphafi. Þá hefur verið sett af stað eftirfylgni sem að gengur út á safna upplýsingum um framgang verkefnanna sem gengur bæði út á að fylgjast með hvernig samningunum hefur verið framfylgt og einnig til að reyna að meta árangur af samningunum þrátt fyrir að hann verði varla marktækur fyrr en a.m.k. ári liðnu.

#### 4.2.4 Flutningsjöfnun

Byggðastofnun tók við umsýslu með svæðisbundinni flutningsjöfnun um áramót 2012/2013. Markmiðið með svæðisbundinni flutningsjöfnun er að styðja við framleiðslu og atvinnuuppbyggingu í landsbyggðunum með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu og lögheimili fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa þ.a.l. við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði. Eins og er sinnir lánasérfræðingur á fyrirtækjasviði umsjón með yfirferð og útgreiðslu styrkja en fyrirhugað er að færa verkefnið yfir á starfsmann rekstrarsviðs á nýju ári.

#### 4.2.5 Flutningsjöfnun olíuvara

Í byrjun árs 2014 tók Byggðastofnun við umsjón með Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara. Markmið laga um Flutningsjöfnunarsjóð olíuvara er að jafna flutningskostnað á olíuvörum milli landshluta. Samkvæmt lögum um sjóðinn er forstjóri eða staðgengill hans stjórnarformaður sjóðsins og var ákveðið að staðgengill forstjóra, forstöðumaður fyrirtækjasviðs tæki við því hlutverki. Stór hluti af starfsemi sjóðsins er útvistaður til einkafyrirtækis en ákveðið var á árinu 2014 að færa bókhald sjóðsins til Byggðastofnunar og mun það frá og með árinu 2015 verða unnið á rekstrarsviði stofnunarinnar.

#### 4.2.6 AVS.

AVS rannsóknasjóður starfar á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og veitir styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna, sem auka verðmæti sjávarfangs. Styrkir eru veittir til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis og eru til hagnýtra rannsókna. Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, rannsóknar-, þróunar- og háskólastofnanir.

Byggðastofnun var um áramótin 2013/2014 falin umsýsla með sjóðnum. Í stað stjórnar, var sett á stofn úthlutunarnefnd, sem forgangsraðar umsóknum og gerir tillögur um styrki til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Honum fylgdi starfsmaður sem er nú starfsmaður Byggðastofnunar.

#### 4.2.7 Annar stuðningur við byggðapróun

Í árána rás hefur Byggðastofnun tekið þátt í margvíslegum átaksverkefnum sem ætlað hefur verið að styrkja atvinnustarfsemi í landsbyggðunum almennt eða í tilteknum byggðarlögum. Má þar nefna átak til nýsköpunar og atvinnuþróunar á starfssvæði Byggðastofnunar 2003 og 2005, mótvægisáðgerðir vegna niðurskurðar á þorskvóta árið 2007, styrki til kvenna til markaðssetningar erlendis á íslensku handverki og hönnunarvörum árið 2010. Loks má nefna að samkvæmt lögum um fiskveiðistjórnun (116/2006) er ráðherra sjávarútvegsmála ætlað að úthluta byggðakvóta í samráði við Byggðastofnun. Slíkt samráð hefur þó ekki verið haft með reglubundum hætti.

Þótt atvinnumál séu mikilvægur þáttur byggðamála skipta aðrir þættir á borð við samgöngur, löggæslu, heilbrigðisþjónustu, jafnrétti, umhverfisvernd, menntun og menningarstarfsemi ekki síður máli við að skapa lífvænleg skilyrði fyrir búsetu um land allt. Byggðastofnun hefur veitt styrki til margvíslegra verkefna sem eflt geta búsetuskilyrði á starfssvæði sínu.

Frá árinu 2005 hefur Byggðastofnun ásamt Listahátíð í Reykjavík og Flugfélagi Íslands staðið að veitingu Eyrarrósarinnar, viðurkenningar fyrir framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar. Í árslok 2012 var samningurinn endurnýjaður fyrir tímabilið 2013–2016, verðlaunaféð hækkað og fyrirkomulagi viðurkenningarinnar jafnframt breytt til samræmis við eflingu menningarstarfs í landsbyggðunum á síðustu árum. Menningarfulltrúar landshlutasamtakanna hafa nú fengið formlegt umsagnarhlutverk við val verkefna, jafnframt því sem afhending viðurkenningarinnar mun framvegis færast milli landshluta og varpa þannig sviðsljósinu á menningarstarf á ólíkum svæðum á starfssvæði Byggðastofnunar. Þá hefur Byggðastofnun frá árinu 2011 veitt Landstólpann, viðurkenningu til einstaklings, fyrirtækis, stofnunar eða sveitarfélags vegna verkefnis, starfsemi, umfjöllunar eða annars sem aukið hefur veg byggðarlagsins.

### 4.3 Verkefni á sviði byggðapróunar á árinu 2015

#### 4.3.1 Stuðningur við atvinnuþróun

Á árinu 2015 verður stuðningur Byggðastofnunar við atvinnuráðgjöfina í samræmi við samninga þar um, fjárveitingar á fjárlögum 2015 og reglur stjórnar Byggðastofnunar um skiptingu fjár.

Á árinu 2015 er lagt til að framlag til þróunarsetra á Vestfjörðum og Suðurnesjum verði óbreytt, 21,2 mkr á Vestfjörðum og 10 mkr á Suðurnesjum. Þá fái Suðurnes sérstakt framlag að upphæð 0,6 mkr. Heildarhækkun samkvæmt fjárlagafrumvarpi er 4,7 mkr. Við þá upphæð bætist svo 0,5 mkr. frá Byggðastofnun þannig að heildarhækkun verður 5,2 mkr. Þar af fara 0,6 mkr til Suðurnesja sem sérstakt framlag til að koma í veg fyrir að framlag til félagsins lækki á milli ára, en að öðru leiti skiptist upphæðin hlutfallslega jafnt á milli félaganna í samræmi við grunnframlagið. Er hækkun á bilinu frá 1,75% og upp í 3,85%.

Miðað við ofangreint verður skipting fjár til atvinnuþróunarinnar á árinu 2015 sem hér segir:

	Grunn- framlag	Sérstakt framlag	Þróunarsetur	Samtals	Breyting	Breyt.%
<b>Vesturland</b>	19.760.000			19.760.000	560.000	2,83%
<b>Vestfirðir</b>	17.680.000		21.200.000	38.880.000	680.000	1,75%
<b>Norðurl.v.</b>	19.760.000			19.760.000	560.000	2,83%
<b>Eyjafjörður</b>	16.640.000			16.640.000	640.000	3,85%
<b>Þingeyjars.</b>	13.520.000			13.520.000	520.000	3,85%
<b>Austurland</b>	22.880.000			22.880.000	880.000	3,85%
<b>Suðurland</b>	24.960.000			24.960.000	960.000	3,85%
<b>Suðurnes</b>	10.400.000	600.000	10.000.000	21.000.000	400.000	1,90%
<b>Samtals</b>	<b>145.600.000</b>	<b>600.000</b>	<b>31.200.000</b>	<b>177.400.000</b>	<b>5.200.000</b>	
			<b>Af fjárlögum</b>	<b>176.900.000</b>		

**Sérstök viðbót 500.000***Áætlað umfang 2015:*

Samstarf um atvinnuþróun: ..... 3 mannmánuðir

**4.3.2 Brothættar byggðir**

Unnið verður áfram að tilraunaverkefni því sem hófst á Raufarhöfn á árinu 2012. Verkefnið nær nú til fjögurra byggðarlaga og fyrirhugað er að útvíkka það til allt að tíu staða í viðbót á árinu 2015.

Skipting umsókna og svæða sem fyrir eru með í verkefninu:

Vesturland: Dalabyggð

Vestfirðir: Flateyri, Þingeyri, Suðureyri, Árneshreppur og Strandabyggð, Bíldudalur kom inn 2013

Norðurland vestra: Hofsós

Norðurland eystra: Grímsey, Hrísey og Kópasker, en fyrir er Raufarhöfn með í verkefninu frá 2012

Austurland: Breiðdalshreppur, kom inn 2013

Suðurland: Skaftárhreppur, kom inn 2013

Á árinu 2015 er stefnt að því að allt að 14 byggðarlög taki þátt í verkefninu. Í stefnumótandi þingsályktun um byggðamál er gert ráð fyrir 50 mkr. framlagi á ári til verkefnisins

*Áætlað umfang 2015:*

Samhæfing verkefnisins: ..... 4 mannmánuðir

Starfsmenn verkefnanna: ..... 12 mannmánuðir

**4.3.3 Aflamark Byggðastofnunar**

Fylgjast þarf með hvort farið er eftir samningum og þeim markmiðum náð sem sett hafa verið um árangur. Þá kann að koma til úthlutunar vegna hugmynda um að fela Byggðastofnun frekari úthlutun aflamarks. Samskipti við þá aðila sem fengið hafa úthlutun eru tímafrek.

Umræða hefur verið um að auka aflamark Byggðastofnunar. Með hvaða hætti það verður gert liggur ekki fyrir á þessari stundu. Undirbúningur að því mun væntanlega taka nokkurn tíma á árinu 2015 og ef af verður mun það væntanlega leiða af sér nýtt umsóknarferli og aukna umsýslu sem leiðir af sér aukna vinnu starfsmanna Byggðastofnunar.

*Áætlað umfang 2015:*

Vinna við byggðakvóta ..... 6 mannmánuðir

**4.3.4 Flutningsjöfnun**

Auglýst verður eftir umsóknum um styrki vegna flutningsjöfnunar, umsóknir sem berast yfirfarnar, afgreiddar og greitt út samkvæmt reglum. Aðilar sem fá greitt geta svo átt von á að verða heimsóttir og að gögn varðandi kostnað séu skoðuð.

*Áætlað umfang 2015:*

Vinna við flutningsjöfnun: ..... 5 mannmánuðir

#### 4.3.5 Flutningsjöfnun olíuvara

Stór hluti af starfsemi Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara hefur verið útvistaður til einkafyrirtækis en ákveðið hefur verið að færa bókhald sjóðsins til Byggðastofnunar á árinu 2015 og mun það hér eftir verða unnið á rekstrarsviði stofnunarinnar.

Vinna við flutningsjöfnun olíuvara ..... 2 mannmánuðir

#### 4.3.6 AVS

Reiknað er með að starfsemi sjóðsins á árinu 2015 verði með sama hætti og undanfarin ár.

Vinna við AVS: ..... 10 mannmánuðir

#### 4.3.7 Annar stuðningur við byggðaðróun

Á árinu 2015 mun Byggðastofnun áfram taka þátt í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Flugfélag Íslands um veitingu Eyrarrósarinnar jafnframt því sem Landstólpinn verður veittur á aðalfundi stofnunarinnar.

*Áætlað umfang 2015:*

Vinna við annan stuðning: ..... 1 mannmánuður

## 5. ÖFLUN OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

### 5.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999

#### 2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags skv. skipulagslögum.

#### 8. gr. Rannsóknir á atvinnu- og byggðaðróun.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðaðróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðaðróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

### 5.2 Stöðugreining

Árangursrík byggðastefna hlýtur að byggjast á traustum gögnum um stöðu mála í einstökum byggðarlögum og landshlutum og fræðilegri greiningu sem byggir á fyrri rannsóknum, traustri aðferðafræði og kenningalegum forsendum margra fræðigreina. Stefnuþróun til lengri tíma verður að byggja á traustri kortlagningu þeirrar þróunar sem orðið hefur, stöðu mála í samtímanum og þeim möguleikum sem í boði eru. Jafnframt er mikilvægt að ákvarðanir í einstökum málum séu teknar á



grundvelli faglegrar greiningar á þeim jákvæðu og neikvæðu afleiðingum sem slíkar ákvarðanir kunna að hafa.

Efling rannsókna á sviði byggðamála skiptir því miklu máli fyrir ráðuneyti stjórnarráðsins, einstakar ríkisstofnanir, sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra að ógleymdu áhugafólki um eflingu byggðar um land allt. Slíkar rannsóknir eiga sér þó afar flókin og margþætt viðfangsefni og við mikilvægustu spurningum er sjaldnast eitt einhlítt svar. Það er því afar mikilvægt að skapa jarðveg fyrir fjölbreyttar rannsóknir margvíslegra aðila sem nálgast þessi mál út frá mismunandi forsendum. Jafnframt er nauðsynlegt að hugað verði að grunnrannsóknum á íslenskum byggðamálum ekki síður en hagnýtum rannsóknum sem beinast að tilteknum afmörkuðum viðfangsefnum.

Örar breytingar hafa orðið á atvinnuháttum landsmanna á síðustu áratugum en orsakir og afleiðingar þeirra breytinga eru ekki með öllu ljósar. Þrátt fyrir umtalsverðan opinberan stuðning við landbúnað búa flestar sveitir landsins við viðvarandi lágar atvinnutekjur og brottflutning. Þá hefur samspil lagasetningar, ákvarðana sjávarútvegsfyrirtækja og annarra félagslegra og menningarlegra þátta á þróun sjávarútvegs ekki verið metið með fullnægjandi hætti. Enn fremur skortir dýpri skilning á samfélagslegum áhrifum margvíslegra nýrra atvinnugreina allt frá ferðaþjónustu til stóriðju. Mikilvægt er að þessir þættir verði rannsakaðir til hlítar og möguleg áhrif mismunandi aðgerða metin. Í því sambandi er nauðsynlegt að huga sérstaklega að stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Þá er mikilvægt að gerðar verði vandaðar rannsóknir á áhrifum skipulags opinberrar þjónustu á lífskjör og byggðapróun. Þjónusta á borð við heilbrigðis- og félagsþjónustu, löggæslu og dómstóla, menntun og menningarstarfsemi eru eftirsóknarverð gæði og skattgreiðendur sækjast eðlilega eftir búsetu á svæðum þar sem þeir geta notið þeirrar þjónustu sem þeir greiða fyrir. Á sama tíma skapar slík þjónusta mörg og fjölbreytt störf sem geta eftir búsetu á stórum svæðum og stuðlað að eðlilegri aldurs- og kynjasamsetningu þeirra.

Ennfremur er þörf á auknum rannsóknum á margvíslegum tegundum byggðarlaga og mismunandi svæðum landsins. Þannig er til dæmis mikilvægt að greina ólík tækifæri og áskoranir í sveitum landsins, smærri þorpum og stærri bæjum sem gegna þjónustuhlutverki fyrir tiltekin svæði. Þótt atvinnusóknarkort Byggðastofnunar leggi mikilvægan grunn að frekari rannsóknum er tiltölulega lítið vitað um fasteignamarkað, samskiptamynstur milli byggðarlaga og innan svæða eða í hvaða mæli íbúar landsins sækja atvinnu og mismunandi þjónustu um lengri eða skemmri veg.

Stærð svæða ákvarðast af samskiptum fólks og því er mikilvægt að auka þekkingu á áhrifum samgangna og boðskipta á byggðapróun. Efla þarf rannsóknir á samfélagslegum áhrifum vega-kerfisins og stuðla að nýtingu þeirra í ákvarðanatöku í samgöngumálum. Þá er nauðsynlegt að ákvarðanir um framtíð innanlandsflugsins verði teknar á grundvelli traustra rannsókna á hlutverki þess í félagsgerð og stjórnsýslu Íslands og áhrifum þess á þjónustusvæði einstakra þéttbýlisstaða og dreifingu ferðamanna um landið. Síðbreytileg boðskiptatækni hefur margvísleg áhrif á lífskjör og sóknarfæri einstakra landshluta og fylgjast þarf náið með áhrifum breytinga á því sviði. Loks gegna fjölmiðlar lykilhlutverki í viðhaldi og eflingu almannarýmis í einstökum byggðarlögum. Full þörf er því á því að efla rannsóknir á stöðu staðbundinna fjölmiðla í ólíkum byggðarlögum og því lögbundna hlutverki Ríkisútvarps í almannapágu að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs.

Byggðastofnun safnar og miðlar margvíslegum upplýsingum um stöðu og framtíðarhorfur landsbyggðanna. Þar má til dæmis nefna greinargerðir sem fylgt hafa byggðaáætlunum, nú síðast ritið „Byggðapróun á Íslandi - stöðugreining 2013“ sem er fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017, stöðugreiningar landshlutanna 8 sem voru uppfærðar haustið 2014, skýrslur um byggðarlög sem búa við viðvarandi fólksfækkun, skýrslu um erlenda ríkisborgara í íslensku samfélagi og greinargerð um samfélagsáhrif byggingar iðjuvera á Bakka við Húsavík. Þá vinnur stofnunin úr og birtir opinberar upplýsingar sem fengnar eru frá ýmsum aðilum og má þar nefna kort sem byggð eru á gögnum Hagstofu Íslands um íbúapróun og atvinnugreinar, gögnum Bændasamtaka Íslands um

greiðslumark í landbúnaði, upplýsingum úr Árbók sveitarfélaga um útsvarstekjur ofl., gögnum Vinnu-  
málastofnunar um atvinnuleysi eftir landshlutum, og gögnum um vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða  
sem safnað var í samvinnu við atvinnuþróunarfélögin.

Stærsta rannsóknarverkefnið sem Byggðastofnun hefur komið að í samvinnu við háskólastofnanir er  
rannsókn á samfélagsáhrifum stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Rannsókn- og þróunarmiðstöð  
Háskólans á Akureyri vann þá rannsókn en iðnaðarráðuneytið og Byggðastofnun áttu fulltrúa í  
verkefnisstjórn og greiddu kostnað við verkið að langstærstum hluta. Þá hefur stofnunin verið í  
samstarfi við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um reglulega útgáfu á skýrslum um hagvöxt einstakra  
landshluta og breytingar á vægi einstakra atvinnugreina. Skýrslan hefur smám saman verið aukin að  
efni og er stefnt að því að svo verði áfram. Verið er að skoða gögn frá Ríkisskattstjóra sem geta gefið  
færi á að greina launagreiðslur eftir atvinnugreinum, svæðum og kyni. Á síðasta ári lauk samvinnu um  
skýrslu fyrir fjárlaganefnd Alþingis um mat á samfélagslegum áhrifum efnahagshrunsins eins og þau  
birtast í fjárlögum árána 2009, 2010 og 2011. Er heiti skýrslunnar „Breytingar á fjölda  
ríkisstarfsmanna í kjölfar efnahagshrunsins“. Hagfræðistofnun fékk greitt fyrir vinnu við samstarfið  
samkvæmt verksamningi.

Byggðastofnun hefur ennfremur tekið þátt í samstarfi um ýmis þróunarverkefni sem fela í sér  
umtalverða mats- og rannsóknarþætti. Þannig hafði stofnunin samstarf við Rannsóknarsetur  
verslunarinnar á Bifröst, atvinnuþróunarfélög og fleiri aðila um alþjóðlegt verkefni sem leitaði úrræða  
til að efla litlar verslanir í landsbyggðunum. Byggðastofnun í samvinnu við Skipulagsstofnun leiddi  
þátttöku Íslands í alþjóðlegu verkefni sem nefnist „Spatial North“ og felst í samræmdri áætlanagerð í  
atvinnu-, byggða- og landnýtingarmálum fyrir norðlæg svæði Evrópu með tilliti til sjálfbærar þróunar.  
Stofnunin vann enn fremur nýlega að skýrslu um þekkingarsetur á Ísland í samvinnu við fulltrúa  
Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Hólaskóla og Þekkingarsetur Austurlands. Þá hefur stofnunin  
tekið þátt í alþjóðlegri rannsókn norrænu byggðarannsóknastofnunarinnar Nordregio á áhrifum æðri  
menntastofnana á byggðaþróun. Á árinu 2014 tók stofnunin þátt í viðamikilli stefnumótunarvinnu  
vegna Northern Periphery Arctic áætlunarinnar sem Ísland er aðili að.

Loks hefur Byggðastofnun gegnt mikilvægu hlutverki fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi um  
rannsóknir og stefnumótun í byggðamálum. Starfsmenn Byggðastofnunar sitja fundi stjórnarnefndar  
evrópsku byggðarannsóknastofnunarinnar ESPON í umboði Atvinnuvega- og  
nýsköpunarráðuneytisins og í mars 2009 gerði stofnunin samning við Háskólann á Akureyri um að  
hann gegni hlutverki starfstengiliðs ESPON á Íslandi, tengi íslenska og evrópska háskóla og  
rannsóknastofnanir á sviði byggðarannsókna og þessar stofnanir og ESPON.

Á miðju ári 2013 réð Byggðastofnun starfsmann sem hefur það aðalstarf að setja upp nýjan  
gagnagrunn á sviði byggðamála sem og að þróa hann og viðhalda. Einnig vinnur viðkomandi að því að  
byggja upp og taka í notkun landupplýsingakerfi. Þessi vinna er í fullum gangi og hafa fyrstu drög  
grunnins verið gerð aðgengileg á innra neti stofnunarinnar. Lokatakmarkið er að bjóða upp á  
umhverfi þar sem hægt verður að sækja og skoða upp færð gögn sem snerta byggðaþróun á Íslandi.

Mikilvægt er að efla efnislegar forsendur og sjálfstæði Byggðastofnunar til að taka frumkvæði að  
afmörkuðum greiningum og viðameiri rannsóknum á sviði byggðamála. Þótt Byggðastofnun sé  
ríkisstofnun og heyri stjórnsýslulega undir ráðuneyti stjórnarráðsins getur hún engu að síður metið  
byggðaáhrif ákvarðana opinberra aðila með sjálfstæðum og gagnrýnum hætti. Til að stofnunin geti  
gegn slíku hlutverki í auknum mæli þarf að skerpa skil milli pólitískra markmiða og faglegs mats og  
afla viðurkenningar stjórnvalda á mikilvægi slíkra vinnubragða. Skoða þarf möguleika stofnunarinnar  
á því að efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana og einstakra fræðimanna um rannsóknir á sviði  
byggðamála. Viðamikil ráðstefna um byggðamál var haldin á Patreksfirði í september 2014 undir  
nafninu Byggðamálaráðstefna Íslands. Um var að ræða samstarfsverkefni Byggðastofnunar,  
Háskóla Vestfjarða, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vesturbyggðar. Byggðaráðstefnu  
Íslands er ætlað að vera vettvangur nýrra rannsókna, hagnýtingu þekkingar og umræðu um

stefnumótun í byggðamálum. Yfirskrift ráðstefnunnar á Patreksfirði var: Hver er framtíðin? Koma konurnar? Ráðstefnan var fjölsótt og þótti heppnast vel.

Byggðastofnun hefur ásamt Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti stofnað byggðarannsóknarsjóð sem hafa mun til úthlutunar að minnsta kosti 10 milljónir á ári næstu þrjú árin. Tilgangur sjóðsins er að efla byggðarannsóknir og bæta þannig þekkingargrunn fyrir stefnumótun og aðgerðir í byggðamálum. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum mun fara fram á ársfundi Byggðastofnunar vorið 2015.

### 5.3 Verkefni við söfnun og miðlun upplýsinga á árinu 2015

Auk venjubundinnar starfsemi við söfnun og miðlun upplýsinga mun Byggðastofnun á árinu 2015 vinna að þremur flokkum verkefna á þessu sviði.

#### 5.3.1 Úttektir og greiningar

Stofnunin mun vinna tölfraeðileg gögn um íbúabróun, þróun fasteignamats og fasteignagjalda og orkukostnað. Stöðugreining landsins, sem var unnin í tengslum við gerð byggðaáætlunar 2014-2017 verður uppfærð á árinu 2015. Áfram verður unnin skýrsla um hagvöxt landshluta í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þá mun stofnunin eftir föngum vinna úttektir og greiningar fyrir ráðuneyti, þingnefndir, sveitarstjórnir og landshlutasamtök.

Unnin verður skýrsla um dreifingu starfa á vegum ríkisins og stofnana þess. Gerð verður heildarúttekt á flutningi opinberra starfa og stofnana og hver reynslan af þeim aðgerðum hefur verið.

Í framhaldi af könnun á staðsetningu starfa ríkisins og þjónustustarfa fyrirtækja sem lauk á haustdögum 2014 verður ráðist í könnun á því hvert íbúar sækja þjónustu og í framhaldi af því verða þjónustusóknarsvæði skilgreind. Stefnt er að samstarfi við Háskólann á Akureyri og aðra aðila um það verkefni.

Skilgreind verða verkefni, tengd aðgerðum byggðaáætlunar sem hentað geta sem verkefni fyrir mastersnema. Listi yfir þau verkefni verður aðgengilegur á heimasíðu Byggðastofnunar. Mótaðar verða reglur um hvernig staðið verður að mati þeirra umsókna sem berast um styrki.

*Áætlað umfang 2015:*

Vinna við úttektir, greiningar og umsagnir:..... 17 mannmánuðir

#### 5.3.2 Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar

Haldið verður áfram vinnu við að byggja upp gagnagrunn á sviði byggðamála. Þróað verður gagnvirkt umhverfi þar sem hægt verður að skoða myndrænt fyrirfram skilgreind gagnasett á sveitarfélaga og landshlutagrunni.

Unnið verður að því að færa fyrirbyggjandi og nýjar upplýsingar inn í grunninn.

Haft verður samstarf við Þjóðskrá, Skipulagsstofnun, Hagstofu Íslands, Landmælingar og fleiri aðila og þróun myndrænnar framsetningar slíkra upplýsinga á kortum og myndum.

*Áætlað umfang 2015:*

Vinna við gagnagrunn:..... 14 mannmánuðir

#### 5.3.3 Stuðningur við rannsóknir

Byggðamálaráðstefna var haldin á Patreksfirði í september 2014. Þótti hún takast vel og vakti athygli. Ákveðið er að næsta ráðstefna verði síðsumars 2015 á Breiðdalsvík. Leitað verður samstarfs við aðila á Austurlandi um undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar.

Með stofnun Byggðarannsóknarsjóðs í samstarfi við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gefst tækifæri til að styðja við rannsóknir á sviði byggðamála. Byggðastofnun mun auglýsa styrki og annast

samskipti við umsækjendur en stjórn sjóðsins mun ákveða hvaða verkefni verða styrkt. Úthlutun mun fara fram á ársfundi Byggðastofnunar.

Einnig hefur skapast möguleiki á að styðja mastersnema og aðra háskólanema til að vinna afmörkuð verkefni tengd framkvæmd einstakra aðgerða í byggðaáætlun. Skilgreind verða verkefni sem hentað geta sem mastersverkefni og listi yfir þau birtur á heimasíðu Byggðastofnunar.

*Áætlað umfang 2015:*

Undirbúningur ráðstefnu og stuðningur við rannsóknir:: ..... 3 mannmánuðir